

Í leit að samþykki: Vændi í ljósi kynferðisofbeldis og druslustimplunar

SVEINA HJÖRDÍS ÞORVALDSDÓTTIR, MA í kynjafræði
GYÐA MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR, prófessor í kynjafræði,
Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands

ÚTDRÁTTUR: Lítið er vitað um aðdraganda þess að fólk leitar í vændi hérlendis. Rannsóknir sýna að konur í vændi hafa margar orðið fyrir kynferðisofbeldi í aðdraganda vændis en lítið hefur verið rannsakað hvernig afleiðingar kynferðisofbeldis og vændi tengjast. Tilgangur þessarar rannsóknar er að bæta úr því. Tekin voru 14 eigindleg viðtöl við konur sem hafa verið í vændi og unnið með gögnin út frá verklagi grundaðrar kenningar. Niðurstöður sýna að viðmælendur bjuggu við bágar aðstæður í æsku og urðu fyrir kynferðisofbeldi í aðdraganda vændis. Kynferðisofbeldið og druslustimplun sem tengdist því höfðu áhrif á mótunarár viðmælenda og afleiðingar þess voru markaleysi í kynferðislegum samskiptum og þrá eftir samþykki. Viðmælendur leituðu í vændi í von um að upplifa sig við stjórnvölinn í kynferðislegum samskiptum og í leit að viðurkenningu á eigin virði.

LYKILORÐ: Vændi – Kynferðisofbeldi – Druslustimplun

ABSTRACT: Little is known about the reasons behind people's entry into prostitution in Iceland. Research shows that women in prostitution are often victims of sexual violence but the connection between sexual violence and prostitution has not been widely researched. The aim of this study is to help fill that gap. Fourteen interviews were conducted with women who had been in prostitution and a grounded theory approach was used to analyze the data. The findings show that participants have a history of sexual violence and encountered difficult circumstances growing up. Consequences of sexual violence and slut shaming left participants feeling a lack of control in sexual encounters and in search of validation. They entered prostitution in hope of gaining control in sexual situations and to have their self-worth validated.

KEYWORDS: Prostitution – Sexual violence – Slut shaming

Inngangur

Fjallað hefur verið um afleiðingar kynferðisofbeldis og druslustimplunar í almenri umræðu (t.d. DV, 2016; Vísir, 2021). Rannsóknir sýna að nauðgunarmenning viðgengst þar sem kynferðisofbeldi gegn konum er viðtekið og þar sem stúlkur eiga í mótsagnakenndu sambandi við kynverund sína vegna skilaboða samfélagsins (Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014; 2019). Konur sem eru kynferðislega virkar eiga á hættu að vera stimplaðar druslur, þar sem þær þykja fara á skjön við hugmyndir samfélagsins um kvenhlutverkið (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018) og með sama hætti eru konur sem verða fyrir kynferðisofbeldi gerðar ábyrgar fyrir því (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017; Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2019). Þá hefur verið vakin athygli á tengslum kynferðisofbeldis, afleiðingum þess og vændis og að þolendur kynferðisofbeldis leiti í vændi sem bjargráð (Hulusjö, 2013; O'Callaghan o.fl., 2019). Í rannsókn Stígamóta kom fram að þolendur vændis hefðu flest orðið fyrir kynferðisofbeldi í aðdraganda vændis, sér í lagi á barnsaldri (Anna Þóra Kristinsdóttir, 2022), ásamt því að hafa alist upp við erfiðar aðstæður (Brynhildur Björnsdóttir, 2022).

Tekist hefur verið á um hvort nota eigi hugtökin vændi eða kynlífsvinna (Friðrika Benónýsdóttir, 2018). Í kynlífsvinnu felst að sala á kynlífi sé atvinna (Comte, 2014). Fólk í kynlífsvinnu geti orðið fyrir ofbeldi en kaupin á kynlífi séu ekki ofbeldi í sjálfu sér. Út frá þessu sjónarhorni er litið á bann við kynlífsvinnu sem aðferð til að hefja kynfrelsi fólks, sér í lagi kvenna (Sanders, 2016; Smith og Mac, 2018; Sunna Sæmundsdóttir, 2022). Með notkun hugtaksins vændi er áherslan á kynbundið ofbeldi og kynferðisofbeldi sem þrífst í þessum aðstæðum. Vændi er því leið til að kúga og undiroka konur með því að hafa stjórn á kynverund þeirra í gegnum sölu á vændi (Jensen, 2017). Þolendur vændis eru hlutgerðar, kyngerðar og afmennskaðar (Comte, 2014) og þar með rændar kynfrelsi sínu. Þolendur vændis hafa kallað eftir viðeigandi úrræðum til að sporna gegn því að fólk finni sig knúði til að leita í vændi og aðstoð til að hverfa úr vændi og til að vinna úr afleiðingum þess (Sveina Hjörðís Þorvaldsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2022).

Markmið rannsóknarinnar er að greina aðdraganda þess að konur sem orðið höfðu fyrir kynferðisofbeldi og upplifað druslustimplun leituðu í vændi. Viðmælendur þessarar rannsóknar skilgreina reynslu sína sem vændi og upplifa sig sem þolendur þess. Þær höfðu allar orðið fyrir kynferðisofbeldi áður en þær hófu vændi. Í ljósi þessa er spurt: *Hverjar eru afleiðingar kynferðisofbeldis og druslustimplunar og hvers vegna leita þolendur kynferðisofbeldis í vændi?* Leitast verður við að svara þessum rannsóknarspurningum með því að rýna í bakgrunn viðmælenda, reynslu þeirra af kynferðisofbeldi og druslustimplun og afleiðingum þess.

Vændi í ljósi áfallasögu

Kynferðisofbeldi og druslustimplun í aðdraganda vændis

Kynferðisofbeldi fylgja alvarlegar afleiðingar. Helstu afleiðingarnar eru þunglyndi, einangrun, kvíði, sálrænir kvillar og sjálfskaðandi hegðun (MacGinley o.fl., 2019; Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017). Sjálfskaðandi hegðun getur birst sem kynferðisleg virkni (O'Callaghan o.fl., 2019). Rannsóknir hafa sýnt að þau sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi í æsku eru líklegri til að vera kynferðislega virk og að þróa með sér óheilbrigt samband við kynlíf (Abajobir o.fl., 2017; Banducci o.fl., 2014; Wilson og Widom, 2010) sem getur þá orðið að sjálfskaðandi hegðun. Þolendur kynferðisofbeldis skortir gjarnan reynslu af virðingu og mörkum í kynlífi, sem getur leitt til óheilbrigðra kynferðislegra samskipta og aukinnar berskjöldunar gagnvart frekara kynferðisofbeldi (MacGinley o.fl., 2019; O'Callaghan o.fl., 2019). Algengt er að þolendur kynferðisofbeldis upplifi skömm og að þau telji sig bera ábyrgð á því ofbeldi sem þau urðu fyrir (Aakvaag o.fl., 2016). Skömmin getur síðan komið í veg fyrir að þolendur leiti sér aðstoðar vegna afleiðinga

ofbeldisins. Aukin kynferðisleg virkni er ein aðferð þolenda til að lifa með skömminni. Með því reyna þau að gera lítið úr þeirri athöfn sem kynlíf er og gera þar með lítið úr ofbeldinu sem þau urðu fyrir. Þolendur geta því upplifað kynferðislega virkni bæði sem leið til þess að taka stjórn á eigin kynverund og sem ákveðna sjálfsrefsingu fyrir að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi sem þau telja sig bera ábyrgð á. Sjálfsásökunin og skömmin eru þannig ráðandi í upplifun viðkomandi, hafa áhrif á sjálfsmatið og gera það að verkum að viðkomandi telur sig lítills virði nema þá sem kynferðislegt viðfang fyrir aðra (Brynhildur Björnsdóttir, 2022; Hulusjö, 2013; MacGinley o.fl., 2019; O’Callaghan o.fl., 2019). Kynferðisleg virkni í kjölfar kynferðisofbeldis getur þar af leiðandi verið leit að væntumþykju eða staðfestingu á eigin virði (Brynhildur Björnsdóttir, 2022; Wilson og Widom, 2010) Með öðrum orðum: Leit að samþykki.

Tilfinning um skömm og sjálfsásökun í kjölfar kynferðisofbeldis er ekki úr lausu lofti gripin og er hluti nauðgunarmenningar (Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2014; 2019). Stúlkur búa við þann veruleika að vera metnar út frá þeirri kynferðislegu nautn sem þær veita drengjum og körlum. Séu þær ekki tilbúnar að uppfylla kynferðislegar þarfir bólfélaga sinna er þeim hugsanlega skipt út fyrir aðrar. Stúlkur innbyrða þar með þau skilaboð samfélagsins að líkami þeirra sé ekki einungis þeirra eign og því hafi þær ekki fullt vald yfir honum heldur skyldu til að uppfylla langanir karla (Hulusjö, 2013; Tanenbaum, 2015). Skortur á kynfræðslu og reynsluleysi í samböndum spila einnig lykilþátt í að unglingsstúlkur séu berskjaldaðri fyrir nauðgunum og öðru kynferðisofbeldi í nánnum samböndum (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017). Íslensk rannsókn, þar sem rætt var við níu ungmenni, sýndi fram á að stúlkur upplifðu tvöfaldan staðal varðandi kynhegðun þeirra. Strax frá unglingsaldri áttu þær á hættu að fá á sig druslustimpil ef þær þóttu sýna of kynferðislega hegðun. Að sama skapi öðluðust þær virðingu fyrir að þykja kynferðislega aðlaðandi (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018). Stúlkur eiga því á hættu að vera flokkaðar annaðhvort sem lauslátar druslur eða óspjallaðar meyjar. Í drusluskömm felst að fólki, sér í lagi stúlkum, er kennt að skammast sín fyrir að sýna kynferðislega hegðun og að vera kynferðislega virkar. Þær eru gerðar ábyrgar fyrir því ofbeldi, áreitni og vanlíðan sem þær kunna að upplifa og þurfa því sjálfar að takast á við afleiðingarnar. Þær eru þar með gerðar ábyrgar fyrir því að fá á sig druslustimpilinn (Bay-Cheng, 2015; Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir, 2015). Druslustimplun er ein birtingarmynd kynferðiseineltis, en það er einelti sem einstaklingar verða fyrir þegar þeir falla ekki að ríkjandi hugmyndum samfélagsins um karlmennsku og kvenleika (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018).

Ákveðin togstreita fylgir því að fá á sig druslustimpil. Stimplinum fylgir viðurkenning á því að viðfang hans sé kynferðislega aðlaðandi og ákveðið samþykki felst í því. Þolendur upplifa gjarnan að það sé betra fyrir þær félagslega að vera drusla fremur en að vera talin kynköld og óeftirsóknarverð og þar með ósýnileg. Ein afleiðing druslustimplunar er þar af leiðandi kynferðisleg virkni. Þolendur telja sig ábyrga fyrir því að hafa fengið druslustimpil og þær verði því að takast á við afleiðingar þess. Með druslustimplinum missa þær valdið til að skilgreina kynverund sína og eigna sér þar með stimpilinn í von um að upplifa stjórn á aðstæðum. Betra sé að gangast við stimplinum og haga sér í samræmi við hann en að berjast á móti straumnum. Að gangast við druslustimplinum er því ákveðin leit að samþykki (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018; Tanenbaum, 2015). Druslustimpill og tvöfaldur staðall kynhegðunar kvenna er aftur á móti leið til þess að hefta kynfrelsi þeirra. Druslustimpillinn hefur þær afleiðingar að brjóta niður þolendur og innleiða stöðu þeirra í samfélaginu. Rannsókn sem kortlagði reynslu þolenda vændis sýndi fram á að kynferðisofbeldi, kynferðiseinelti og druslustimplun leiddu til þess að þolendur upplifðu sig sem „hóru“ áður en vændið hófst. Ábyrgðin og skömmin sem fylgdi druslustimplinum varð til þess að þær fóru að haga sér í samræmi við hann og staða þeirra var þar með ákveðin áður en þær byrjuðu í vændi (Hulusjö, 2013).

Vændi sem bjargráð

Erfitt er að segja til um umfang vændis hérlendis. Ein rannsókn hefur verið gerð á umfangi vændis og var hún gerð meðal framhaldsskólanema. Rannsóknin sýndi að 1% stúlkna og 3,1% drengja á aldursbilinu 16–19 ára höfðu þegið peninga, vímuefni, mat, gistingu eða annað fyrir kynferðislega athöfn (Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2003). Nýleg rannsókn Stígamóta sýnir að 132 þolendur vændis leituðu til Stígamóta á árunum 2013–2021, langflest þeirra konur (Anna Þóra Kristinsdóttir, 2022). Áætla má þó að talan sé töluvert hærri sökum þess að tölfræðilegar upplýsingar eru veittar í fyrsta viðtali en þar sem mikil skömm tengist vændi koma þær upplýsingar oftast ekki fram fyrr en síðar. Þolendur vændis eru líklegri til að leita aðstoðar Stígamóta vegna annars kynferðisofbeldis sem þau hafa orðið fyrir og tjá sig um vændið síðar meir (Ársskýrsla Stígamóta, 2020). Samkvæmt fyrirliggjandi rannsóknum hefur meirihluti þolenda vændis orðið fyrir ofbeldi áður en vændið hófst, svo sem andlegu ofbeldi, líkamlegu ofbeldi, nauðgun eða annars konar kynferðisofbeldi, sér í lagi í æsku (Anna Þóra Kristinsdóttir, 2022; Donevan, 2021; Farley o.fl., 2004; 2011; Gerassi, 2015; Hulusjö, 2013; Roe-Sepowitz, 2012; Roe-Sepowitz o.fl., 2012; Wilson og Widom, 2010). Eins hefur verið sýnt fram á að þau sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku eru líklegri en önnur til þess að fara í vændi (Banducci o.fl., 2014). Í bókinni *Venjulegar konur*, sem fjallar um reynslu þolenda vændis, kom fram að viðmælendur höfðu aftengt sig eigin kynfærum eða kynferðislegum löngunum sem afleiðing kynferðisofbeldis. Sú aftenging hefði átt þátt í ákvörðun þeirra að fara í vændi (Brynhildur Björnsdóttir, 2022). Margir þolendur kynferðisofbeldis eiga einnig erfitt með að tengjast tilfinningalega í gegnum kynlíf í kjölfar ofbeldisins (Brynhildur Björnsdóttir, 2022; Hulusjö, 2013; MacGinley o.fl., 2019; O’Callaghan o.fl., 2019).

Rannsóknir hafa varpað ljósi á að þolendur kynferðisofbeldis leiti í vændi sem ákveðið bjargráð. Þolendur hafa leitað allra mögulegra leiða úr erfiðri stöðu áður en þær taka ákvörðun um að fara í vændi en fátt virðist vera um úrræði í aðdraganda vændis (Hulusjö, 2013; Sveina Hjördís Þorvaldsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2022). Rannsókn á reynslu kvenna í vændi í Svíþjóð sýnir hvernig ákvörðun um að fara í vændi er þrá eftir frelsi og sjálfstæði. Viðmælendur í þeirri rannsókn höfðu átt erfitt uppdráttar, meðal annars á vinnumarkaði, í kjölfar kynferðisofbeldis og neyddust til að selja vændi til að sjá sér og sínum farborða. Þær litu á vændi sem leið til að verða fjárhagslega sjálfstæðar og taka völdin í eigin hendur. Í kjölfar kynferðisofbeldis og druslustimplunar var upplifun þeirra sú að kynlíf væri það eina sem karlar vildu fá frá þeim og að þær væru einungis metnar út frá kynferðislegu virði. Að fara í vændi var því þeirra aðferð til þess að taka stjórnina og hafa ákvörðunarrétt yfir eigin kynverund. Sumar litu svo á að það væri sífellt verið að misnota líkama þeirra en í vændinu væru þær að gera það á sínum eigin forsendum. Aðrar notuðu vændið til að fá staðfestingu á því að þær þættu kynferðislega aðlaðandi, enda höfðu þær síundurtekið fengið þau skilaboð frá samfélaginu að virði þeirra lægi í kynferðislegu aðdráttaraffli (Hulusjö, 2013). Í *Venjulegum konum* (Brynhildur Björnsdóttir, 2022) skýrðu þolendur vændis frá því að vændi hefði verið aðferð til að lýsa yfir kynfrelsi eftir að hafa upplifað heft kynfrelsi í kjölfar kynferðisofbeldis. Upplifunin um valdeflingu og stjórn í vændi vék þó fljótt fyrir kvíða, skömm, depurð, sjálfsásökun, tilfinningalegum doða og einangrun sem hafði enn frekar neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra (Brynhildur Björnsdóttir, 2022; sjá einnig Anna Þóra Kristinsdóttir, 2022).

Aðferðir og gögn

Rannsóknin byggir á eigindlegum viðtölum. Notast var við tilgangsrúttak við val á viðmælendum og þeir valdir út frá markmiði rannsóknarinnar (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2021), sem var að greina ástæður þess að konur sem orðið höfðu fyrir kynferðisofbeldi og druslustimplun leituðu í vændi. Rannsóknin var unnin í samstarfi við Stígamót. Hlutverk Stígamóta var að dreifa kynningarbréfi rannsóknarinnar til mögulegra viðmælenda, veita aðstöðu þar sem flest viðtölin fóru fram og bjóða þátttakendum viðtal eftir að rannsóknarviðtalið fór fram. Alls höfðu níu þátttakendur samband við rannsakanda (fyrsta höfund greinar) í gegnum tölvupóst og buðu fram þátttöku sína.

Ekki náðist nægilegur fjöldi þátttakenda með þessari aðferð, svo að brugðið var á það ráð að auglýsa eftir viðmælendum á Facebook-síðu og vefsíðu Stígamóta með því að birta kynningarbréfið þar. Eins óskaði rannsakandi eftir þátttakendum í rannsóknina í gegnum Facebook-hópana „Feminista-spjallið“ og „Baráttuhópur gegn ofbeldi“. Alls höfðu fimm viðmælendur samband og vildu taka þátt eftir að hafa séð rannsóknina auglýsta á Facebook.

Tekin voru 14 hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við þolendur vændis, sem allar voru sískynja, hvítar, íslenskar og á aldrinum 24 til 44 ára. Viðmælendur voru spurðir út í bakgrunn, fjölskyldusögu og reynslu af vændi. Sumir viðmælendur höfðu byrjað í vændi á unglingsaldri og aðrar á fullorðinsárum. Algengast var að vændið ætti sér stað yfir nokkurra mánaða skeið og upp í tvö ár, en lengst stóð það yfir í 12 ár og skemmst í nokkur skipti. Meirihluti viðmælenda hafði flosnað upp úr framhaldsskóla áður en vændið hófst eða meðan á því stóð. Flestar hófu þær nám aftur eftir að vændinu lauk. Nokkrar höfðu lokið framhaldsskólamenntun eða háskólamenntun áður en vændið hófst. Margar höfðu unnið láglau nastörf. Nokkrar viðmælenda voru óvinnufærar, þáðu örorkubætur eða biðu eftir örorkumati. Ein hafði verið í krefjandi og vel launuðu starfi þegar vændið hófst og fjórir viðmælendur hófu að selja vændi til þess að fjármagna neyslu. Sumar áttu eigið húsnæði, aðrar bjuggu í foreldrahúsum, nokkrar voru heimilislausar eða bjuggu í leiguhúsnæði. Átta viðmælendur áttu barn eða börn og voru einhleypar þegar vændið hófst að einni frátalinni, en sú var í sambandi meðan á vændinu stóð.

Gagnasöfnun stóð yfir í tæpt ár, frá mars 2021 til febrúar 2022. Meirihluti viðtala fór fram í viðtalsrými Stígamóta. Sú staðsetning var talin henta vel, þar sem flestir viðmælendur höfðu reynslu af því að ræða upplifun sína af vændi og öðru kynferðisofbeldi í húsakynnum Stígamóta og upplifðu þar af leiðandi rýmið sem öruggan stað. Þrjú viðtöl fóru fram í gegnum fjarskiptaforritið Zoom þar sem viðmælendur voru ekki búsettir á höfuðborgarsvæðinu, en slík aðferð er talin henta vel þegar rannsakandi og þátttakandi eiga þess ekki kost að hittast í eigin persónu (Archibald o.fl., 2019). Meðallengd viðtalanna var um 90 mínútur en þau stóðu yfir í minnst 50 mínútur og mest 110 mínútur. Allir viðmælendur lásu yfir kynningarbréfið áður en viðtalið hófst, allar ýmist skrifuðu undir eða samþykktu munnlega upplýst samþykki þess efnis að viðtölin yrðu hljóðrituð á síma rannsakanda. Því næst voru viðtölin afrituð orðrétt í tölvu og hljóðupptökunni eytt. Viðmælendur fengu allar dulnefni.

Við gagnagreiningu var notast við rannsóknarhefðir grundaðrar kenningar sem felast í kerfisbundinni greiningu á gögnunum. Gögnin voru marglesin og viðtölin kóðuð með opinni kóðun þar sem hver setning var lesin ítarlega og kóðuð í þeim tilgangi að opna gögnin betur. Því næst var notast við flokkunarmyndun, byggt á kóðunum, þar sem leitað var eftir atburðum eða lýsingum sem komu endurtekið fram, eins og til dæmis að farið væri yfir eigin mörk og upplifun af valdleysi. Gögnin voru flokkuð saman og leitað skýringa í þeim sem vörpuðu ljósi á flokkana (Unnur Guðrún Óttarsdóttir, 2013). Niðurstaða úr þeirri flokkun var til að mynda þemun leit að samþykki og margvíslegar birtingarmyndir þess sem skýrt verður frá í næsta kafla.

Í leit að samþykki

Niðurstöðurnar skiptast í þrjá hluta. Fyrst verður fjallað um bakgrunn og aðstæður viðmælenda áður en vændið hófst. Næst er greint frá afleiðingum kynferðisofbeldis og druslustimplunar og hvernig það útsetur þolendur fyrir enn frekara ofbeldi. Að lokum er skýrt frá þeirri skammvinnu valdeffingu sem fólst í vændinu.

Þolendur ofbeldis í aðdraganda vændis

Þrátt fyrir að bakgrunnur og aðstæður viðmælenda séu af ólíkum toga eiga þær margt sameiginlegt. Allar eiga þær margháttaða áfallasögu. Allir viðmælendur höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi áður en vændið hófst. Tólf höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi á barnsaldri. Tvær urðu fyrst fyrir kynferðisofbeldi á fullorðinsárum og nær allar höfðu orðið fyrir ítrekuðu kynferðisofbeldi. Allar lýstu

þær einnig einhvers konar skorti á andlegu atlæti á uppvaxtarárunum. Fríða lýsti sínum aðstæðum á eftirfarandi hátt:

Ég í rauninni þá elst upp hjá móður sem að hafði hvorki viljann né í rauninni fulla getu til þess að sinna mér. Uhm, og já í ofan á lag þá var hún svona, vildi hún sýna út á við að allt væri í lagi þannig að hún sinnti vinnunni 110% og hafði enga orku heima fyrir. Uhm, þannig að, við höfðum sko, það var séð til þess að að heimilið var hreint og við áttum uhm hrein föt sem voru ekki með götum og það var alltaf matur í ísskápnum en svona andlegt atlæti, að kenna manni ýmsa hluti eins og að elda og baka og sinna húðumhirðu og bóna bíl og fjármál allskonar bara hlutir sem að voru ekki til staðar. Og ég var að rifja það til dæmis upp um helgina að ef að ég, ef að ég gat ekki eitthvað í heimanáminu þá bara sleppti ég því í staðinn fyrir að þurfa leita til mömmu.

Fríða ólst upp hjá einstæðri móður í láglauastarfi. Hún upplifði höfnun af hálfu móður sinnar og skort á andlegu atlæti. Fríða var beitt ofbeldi af systkini á heimilinu og þorði ekki að treysta móður sinni fyrir því. Meira en helmingur viðmælenda hafði einnig orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á heimili. Í mörgum tilfellum var fátækt á heimilum og einungis ein fyrirvinna, það er móðirin, og hún vanalega í láglauastarfi. Helmingur viðmælenda ólst upp á heimili þar sem áfengisneysla var mikil og í einhverjum tilvikum neysla ólöglegra vímuefna. Á sumum heimilum var lögreglan tíður gestur og algengt var að skóli eða aðrar stofnanir samfélagsins væru meðvitaðar um ofbeldi og óviðunandi heimilisaðstæður sem viðmælendur bjuggu við. Viðmælendur lýstu afskiptaleysi stofnana, sem þær túlkuðu sem skilaboð um að þær væru ekki þess virði að veita aðstoð. Þær upplifðu sig þar með bjargarlausar. Sonja komst svo að orði:

Ég reyndi mjög oft sem unglingur að reyna komast út af heimilinu. Ég fór sjálf til barnaverndarnefndar og reyndi að koma mér út af því ég vissi þetta var rangt, en það var ekki hlustað á mig. Ég er bara krakki og þú veist það var alltaf sagt, þú ert bara krakki og þú veist ekki neitt.

Sonja leitaði aðstoðar barnaverndar eftir að hafa verið beitt kynferðisofbeldi af stjúpföður sínum. Í orðum Sonju birtist sjálfsbjargarviðleitni sem allir viðmælendur eiga sameiginlegt. Viðmælendur höfðu leitað ýmissa úrræða áður en vændið hófst en oftast ekki komu þær að lokuðum dyrum eins og Sonja lýsir hér að framan. Nokkrir viðmælendur höfðu kært kynferðisofbeldið og var flestum málanna vísað frá. Engum þeirra var boðin aðstoð eða úrræði til þess að vinna með afleiðingar kynferðisofbeldisins í kjölfar kærunnar.

Ítrekað kynferðisofbeldi og sinnuleysi af hálfu þeirra nánustu og stofnana samfélagsins sem mætti þeim í kjölfarið gerðu það að verkum að þær upplifðu sig ábyrgar fyrir ofbeldinu sem þær urðu fyrir. Ábyrgðartilfinningin, skömmin og höfnunin sem fólst í sinnuleysinu urðu meðal annars til þess að þær leituðu kynferðislegrar viðurkenningar.

Farið yfir eigin mörk

Áður en viðmælendur fóru í vændi höfðu þær lært að meta eigið virði út frá kynferðislegu aðdráttaraflí. Ein birtingarmynd þess er druslustimplun. Þeir viðmælendur sem höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi sem börn höfðu flestar einnig orðið fyrir kynferðiseinelti og druslustimplun í skóla. Þær þóttu sýna of „kynferðislega hegðun“, sem er ein afleiðing þess að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi (Abajobir o.fl., 2017; Banducci o.fl., 2014; Wilson og Widom, 2010), og féllu þar með ekki nægilega vel að samfélagslegum viðmiðum um kvenleika (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018). Arna segir til að mynda frá því að 11 ára gömul hafi hún verið beitt kynferðislegu ofbeldi af 23 ára frænda vinkonu sinnar. Fljótt fréttist af kynferðisofbeldinu meðal skóla-

félaga hennar, sem litu þó ekki á það sem ofbeldi, heldur lögðu hana í einelti. Var hún gerð ábyrg fyrir ofbeldinu sem hún var beitt og fékk þar með druslustimpilinn. Stimplinum fylgdi athygli. Hún segir alla í skólanum hafa vitað af þessu; „það voru margir hérna í eldri bekkjunum sem voru að svona hópast að mér og þú veist kalla mig hóru“. Í kjölfarið fór hún að sýna af sér „áhættuhegðun“ eins og hún orðaði það. Hún fór að reykja sigarettur, drekka áfengi og sækjast í félagsskap mikið eldra fólks. Sú hegðun ásamt erfiðum fjölskylduaðstæðum varð til þess að hún var send í tímabundið fóstur, þar sem henni leið illa. Þessi viðbrögð samfélagsins urðu þess valdandi að Arna upplifði sig sem vandamálið sem þyrfti að fjarlægja en gerendur hennar héldu áfram með líf sitt.

Nína varð einnig fyrir kynferðiseinelti í skóla eftir að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Tólf ára gamalli var henni hópnauðgað og birtust afleiðingar þess meðal annars sem leit að samþykki frá strákum: „Ég fór að klæða mig alveg rosalega svona lítið og þú veist, og hérna, og var með rosalega kynferðislega hegðun.“ Hún fékk fljótt á sig druslustimpilinn og varð fyrir einelti af hendi skólafélaga, sem leiddi til þess að hún var beitt enn meira kynferðisofbeldi:

Svo hringir frændi hans [kærasta bekkjarsystur], sem var eitthvað 30 og eitthvað ára. Þetta var sem sagt þegar ég var 14 ára og, hann var 30 og eitthvað og, sem sagt spyr hvort að, þessi, kærasti hennar [bekkjarsystur] viti um einhverja stelpu sem hann geti riðið. Og, þau vildu að ég myndi fara og ég sagði alltaf nei og þau bara ýttu á mig þangað til ég sagði já... og hérna, svo komst ég að því seinna að þær voru að gera þetta til að tékka á því hversu mikil drusla ég væri. Og það var ógeðslega særandi.

Eftir áralangt einelti þráði Nína að fá samþykki frá skólafélögum sínum, sem varð til þess að hún lét undan þrýstingi þeirra. Fjórtán ára gömul var hún því beitt kynferðisofbeldi af fullorðnum karli. Enginn virðist hafa sett út á þann mikla aldursmun sem var á Nínu og geranda hennar, eða efast um að hún hafi hitt karlinn á eigin forsendum. Hún var gerð ábyrg. Eftir þetta fór Nína að skrópa í skólanum og bæði nemendur og starfsfólk skólans voru meðvituð um að verið væri að leggja hana í einelti. Skólayfirvöld brugðu þá á það ráð að senda hana í annan skóla, sem hún upplifði sem enn meiri höfnun. Hún var þar með orðin vandamálið en ekki gerendur hennar.

Viðmælendur lærðu snemma að kynferðisleg hegðun vektu á þeim athygli. Petra var meðal þeirra sem notuðu kynlíf til að afla sér viðurkenningar: „Ég fór heim með einhverjum gaurum af því ég hélt þeir væru kúl og ég myndi komast einhvern veginn betur inn í samfélagið með því að sofa hjá þeim.“ Í kjölfar þess var Petra stimpluð sem drusla og þeir fáu vinir sem hún átti sneru baki við henni. Viðmælendur upplifðu að fólki þætti í lagi að brjóta á þeim vegna druslustimpilsins og að virði þeirra væri metið út frá kynferðislegri virkni.

Viðmælendur lýstu því að upplifa samtímis ofbeldi og samþykki þegar brotið var á þeim kynferðislega, sem tengist því hvernig búið var að fara yfir kynferðisleg mörk þeirra áður (MacGinley o.fl., 2019; O’Callaghan o.fl., 2019). Olga lýsti þessu svona:

Svo tók náttúrulega líka við bara rosalegt markaleysi í kynlífi einhvern veginn og bara búið að rústa þessum landamærum einhvern veginn og mér fannst bara ókei þú veist þarna fæ ég einhverja athygli þannig að ég bara var alveg bara í mörg ár á milljón bara sofandi hjá öllum bara, öllum sem að vildu sofa hjá mér. Það var alveg klárlega fylgifiskur þessa ofbeldis, einhvern veginn því að ég einhvern veginn upplifði svolítið einhvern veginn ókei þú veist ókei hann náttúrulega brýtur á mér en ég er samt að fá einhverja athygli. Þú veist þetta var ekkert góð athygli en þú veist þarna er bara einhvern veginn já ég er partur af einhverju.

Olga lýsir þarna þeim flóknu afleiðingum sem fylgja kynferðisofbeldi. Búið er að afmá mörk hennar þegar kemur að kynferðislegum samskiptum. Hún vill vera samþykkt og sú kynferðislega athygli

sem hún fær uppfyllir að hluta til þrá hennar eftir samþykki þó að hún auki einnig vanlíðan hennar. Olga hefur lært að meta sjálfa sig út frá kynferðislegu virði því „þarna fái hún einhverja athygli“. Sonja lýsir svipuðum afleiðingum:

Ég bara náði ekkert að virða líkama minn, þú veist ég tók myndir mjög snemma af sjálfri mér og, og var á netinu með það og, og þú veist. Ég notaði bara svona líkama minn til að fá eitthvað út úr karlmönnum eða strákum skilurðu og, og ég var vandræðabarn. Þú veist átti að vera í neyslu... og var það ekki, þú veist ég bara átt, fékk aldrei ást heima þannig ég var alltaf að leitast eitthvert annars staðar.

Í viðleitni sinni til að öðlast samfélagslegt samþykki var Sonja stimpluð sem „vandræðabarn“. Hún sýndi af sér „uppreisnargjarna hegðun“ eftir að hafa verið beitt kynferðisofbeldi og hún setti kynferðislegar myndir af sér á netið í leit að samþykki. Leit Sonju að samþykki jaðarsetti hana enn frekar. Hún gerði sér grein fyrir því seinna meir að hún hefði ekki birt myndirnar á eigin forsendum heldur í leit að samþykki. Í þessu tilviki hefði hún farið yfir mörk sín í von um að upplifa að hún væri kynferðislega aðlaðandi og þar af leiðandi einhvers virði. Margir viðmælendur töluðu um markaleysi í kynlífi og að fara yfir mörk sín í leit að samþykki. Orð Jódísar eru lýsandi fyrir það:

Ég var líka bara svolítið markalaus kynferðislega. Langaði að prófa alls konar og líka hélt einhvern veginn að það væri hluti af því að vera góð kærasta að vera svolítið spennandi kynferðislega og ævintýragjörn og, ég held ég hafi bara margfarið yfir mörkin mín.

Á þessum tíma var Jódís á unglingsaldri og í sínu fyrsta parasambandi. Hún leit á það sem hlutverk sitt að vera alltaf til í tuskið og „ævintýragjörn“ í kynlífi svo að hún gæti verið góð kærasta. Þar með fór hún yfir mörk sín í þeim tilgangi að uppfylla kynferðislegar væntingar sem gerðar eru til stúlkna að fullnægja kynferðislegum löngunum maka síns, líkt og áður hefur komið fram í rannsóknnum (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2017). Flestir viðmælendur voru meðvitaðar um þessa pressu sem fylgir því að vera kona og þurfa að uppfylla kynferðislegar væntingar (Hulusjö, 2013; Tanenbaum, 2015) en reynsla þeirra af kynferðisofbeldi gerði það að verkum að hugmyndir þeirra um eigið virði voru samfléttaðar kynverund þeirra.

Meira en helmingur viðmælenda hafði verið í ofbeldissambandi á unglingsaldri eða snemma á fullorðinsárunum. Ofbeldissambönd þessi einkenndust öll af andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Nokkrar höfðu sín fyrstu kynni af vændi í ofbeldissambandi. Katla var ein þeirra:

Upp frá því hefst bara mikið ofbeldi, þú veist hann bara, var mjög svona líkamlega og andlega og kynferðislega þú veist þarna, var hann kannski á því [undir áhrifum] ég edrú, hann var að leyfa mönnum að fara upp á mig.

Maki Kötlu neyddi hana til að stunda kynlíf með öðrum en ekki er víst hvort það hafi verið til þess að uppfylla eigin kynferðislanganir eða hvort hann hafi tekið fé fyrir. Það var þó í óþökk hennar, eins og fram kom í viðtalinu.

Druslustimplun varð til þess að staða viðmælenda var ákveðin fyrir þær. Afleiðingar kynferðisofbeldis og þeirra stimplunar sem þær fengu gerði þær enn berskjaldaðri fyrir frekara kynferðisofbeldi. Viðmælendur lærðu að meta eigið virði út frá kynverund sinni og fóru yfir eigin mörk í leit að kynferðislegu samþykki.

Skammvinn valdefling

Viðmælendur voru sammála um að afleiðingar kynferðisofbeldis og bágar aðstæður í aðdraganda vændis hefðu átt stóran þátt í að þær hefðu leiðst út í vændi. Þrá eftir samþykki og að ítrekað væri

búið að fara yfir mörk þeirra gerðu það að verkum að þær áttu erfiðara með að setja mörk og voru því berskjaldaðri fyrir vændi en aðrir. Ína komst svo að orði:

Ef ég hefði ekki lent í neinu kynferðisáreiti eða nauðgunum eða neinu og ég hefði fengið bara almennilegt uppeldi og bara alist upp hjá venjulegu fólki að þá held ég að ég hafi aldrei farið þarna [í vændi]. Ég hefði vitað betur og ég hefði þú veist haft mörk, þetta hefði bara ekki verið í boði ég hefði aldrei bara þú veist niðurlægt mig á þann hátt að gera þetta.

Ína lýsir því hvernig ítrekuð kynferðisbrot og erfiðar aðstæður í æsku hafi leitt hana í vændi, en hún upplifði mikið afskiptaleysi og vöntun á væntumþykju á æskuheimili sínu. Í orðum hennar birtist sjálfsásökun, hún telur sig ábyrga fyrir að hafa farið í vændi því hún hafi átt að „vita betur og setja sér mörk“. Ína var í sambandi meðan á vændinu stóð; hún seldi vændi til að sjá sér, maka sínum og börnum þeirra farborða en makinn seldi ekki vændi. Um maka sinn sagði Ína: „Hann náttúrulega kominn af geðveikt venjulegri fjölskyldu og hefur ekki verið misnotaður þannig að, það er rosalegur munur á því að bera virðingu fyrir líkama sínum eða ekki.“ Hún setur þar með bakgrunn sinn og aðstæður í samhengi við ákvörðun sína um að selja vændi: „Ég hefði þú veist haft mörk, þetta hefði bara ekki verið í boði.“

Viðmælendur hófu að selja vændi í leit að einhvers konar stjórn á aðstæðum sem einkenndust af vanmætti og kynjuðum valdatengslum. Orð Jódísar eru lýsandi:

Ég var að sofa hjá strákum sem að vildu ekkert svo meira og, og hérna, var svona búin að vera að upplifa mig sem druslu og ódýra... Þessi hugmynd kemur að ég geti bara, í staðinn fyrir að vera að láta, riðlast á mér þá geti ég bara þú veist ákveðið og tekið pening og verið við völdin.

Jódís upplifði valdaleysi í kynferðislegum samskiptum sínum við karla. Hún var í leit að samþykki en upplifði sig sem „druslu og ódýra“ fyrir vikið. Jódísi fannst því vændi vera leið til að finnast hún hafa stjórn á aðstæðum og hún gæti á sama tíma haft af því tekjur. Á þessum tíma var Jódís atvinnulaus og nýlega byrjuð að búa ein. Líkt og flestir aðrir viðmælendur var hún illa stödd fjárhagslega og hafði ekkert fjárhagslegt bakland. Aðrir viðmælendur nefndu einnig að þeir hefðu ekki upplifað það sem stórt skref að byrja að rukka fyrir kynlíf. Orð Svövu eru lýsandi fyrir það: „Mér fannst bara fáránlegt að ég gat stundað kynlíf með hverjum sem er, þú veist það var engin lína á milli þess að fá borgað fyrir það og ekki.“ Áður en vændið hófst var Svava búin að aðskilja sig tilfinningalega frá kynlífi, sem er ein af afleiðingum kynferðisofbeldis (Brynhildur Björnsdóttir, 2022; Hulusjö, 2013; MacGinley o.fl., 2019; O’Callaghan o.fl., 2019). Því leit hún á vændið sem leið til að afla sér tekna fyrir eitthvað sem hún væri hvort eð er að gera, að sofa hjá körlum til að upplifa sig samþykkt. Melkorka segist tengja vændið við druslustimpilinn sem hún fékk í skóla: „Það bara byrjaði allt eftir þetta einhvern veginn. Ég bara geri beina tengingu þangað. Þá var ég bara stimpluð hóra.“ Vændið var því ákveðin leið til þess að gangast við þeim stimpli og taka þannig skilgreiningarvaldið í eigin hendur, eins og fram kemur í rannsókn Hulusjö (2013).

Viðmælendur upplifðu valdeflingu þegar vændið hófst. Í vændinu gafst þeim tækifæri til að skapa svokallað hliðarsjálf. Hliðarsjálfi þeirra þarf ekki að vera fórnarlamb aðstæðna, heldur hafði það fulla stjórn. Þar með tókst þeim um stund að flýja afleiðingar ofbeldis sem þær höfðu verið að kljást við og ekki fengið neina aðstoð með þrátt fyrir að hafa leitað eftir henni. Valdeflingin fólst meðal annars í þeirri athygli sem viðmælendur fengu frá vændiskaupendum, eins og Herdís lýsir:

Það er eitthvað sem að þig vantar frá þessu hvort sem það er umhyggjan eða af því að sumar upplifa að þetta sé hrós og umhyggja og manni líður svolítið eins og drottningu. Þú veist allir þessir gaurar vilja mig skilurðu common þú veist ég hlýt að vera eitthvað ógeðslega falleg.

Í orðum Herdísar skín í gegn hversu miklu máli skipti fyrir hana að öðlast viðurkenningu. Í kjölfar ítrekaðra kynferðisbrota hafði hún fundið sig í aðstæðum þar sem hún var eftirsótt og það styrkti sjálfsmynd hennar að vita að karlar sóttust eftir því að fá að vera með henni. Nína fann einnig fyrir mikilli athygli fyrst um sinn en sagðist fljótt hafa áttað sig á því hvers virði hún væri fyrir vændis-kaupendum: „Maður væri ekkert fyrir þeim. Skilurðu, ehm, maður er bara einhver hóra.“ Upplifun um stjórn og valdeflingu var því skammvinn.

Viðmælendur upplifðu meðal annars stjórn þegar vændið hófst, því þeim fannst þær hafa valdið til þess að velja og hafna vændis kaupendum og valdið til að velja stað og stund. Það ákvörðunarvald hefði verið tekið af þeim þegar þær voru beittar kynferðisofbeldi:

Ég set þarna inn auglýsingu þarna inn á Einkamál og alveg ofboðslega bara á stuttum tíma bara hrúgast svoleiðis inn. Og ég upplifði mig rosa mikla stjórn að geta valið úr og ég er að spjalla við einhverja menn og er að velja einhverja sem mér leist betur á en aðra og einhvern veginn og svo bara vó þetta er rosalega easy þú bara velur þér þarna einhverja góða gæja, færð helling af pening og gerir það sem þú ert hvort eð er að gera hvort eð er [að sofa hjá körlum].

Valdeflingin breyttist á hinn bóginn í valdleysi á skömmum tíma, eins og Ágústa lýsir:

En svo einhvern veginn þegar þetta var komið í það að fara að hitta mennina þá var strax bara mín völd algjörlega farin út úr þessu. Þá áttaði ég mig á að þú veist þó ég upplifði mig í einhverri valdastöðu í einhverjum þarna samræðum og viðræðum, samningaviðræðum í upphafi að þá var það einhvern veginn út af borðinu um leið og ég fór að þiggja einhverja peninga fyrir eitthvað sko, og þá fannst mér erfitt einhvern veginn að setja líka mörk.

Ágústu fannst hún missa vald yfir aðstæðunum eftir að hafa tekið við peningum frá vændis kaupand- anum. Olga lýsti sömu tilfinningu: „Þegar maður var farinn að taka pening að þá fannst mér ég bara skulda að klára eitthvað sem mig langaði ekkert að gera því að ég var búin að taka pening fyrir.“ Valdið var því bundið peningunum og vændis kaupandanum og þar með upplifðu viðmælendur að hafa misst kynferðislegan sjálfsákvörðunarrétt sinn.

Viðmælendur upplifðu einnig skömm í kjölfar vændisins. Skömm in í kjölfar vændis var enn sterkari en skömm in í kjölfar kynferðisofbeldis. Iðunn lýsir sinni upplifun:

Mér finnst þetta einhvern veginn verra svona af því að þú veist, út af mér líður eins og það hafi verið brotið á mér en á sama tíma líður mér eins og ég megi ekki líða svoleiðis út af ég bauð upp á þetta skilurðu þú veist þetta eru svo flóknar til- finningar sem tengjast þessu einhvern veginn.

Iðunni fannst hún ítrekað fá þau skilaboð að hún væri ábyrg fyrir ofbeldinu sem hún varð fyrir í vændinu og mætti því ekki leita sér aðstoðar eða skilgreina sig sem þolanda því hún hefði boðið upp á þetta. Lena lýsir einnig þeirri upplifun að bera ábyrgð á ofbeldinu:

Ég póstaði inn auglýsingu, ég tók upp símann og ég tók á móti þeim og ég tók við peningunum, ehm, þetta er sjálfsskaði, ég er að, ég sé það alveg í dag en ég á ennþá eftir að, að ná að trúa því að, að ég beri ekki fulla ábyrgð, eða einhverja ábyrgð. Þannig þetta er ofboðslega flókið í hausnum á manni.

Viðmælendur fengu litla aðstoð við að vinna úr afleiðingum kynferðisofbeldisins sem þær urðu fyrir (sjá einnig Sveina Hjördís Þorvaldsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2022). Ein afleiðinganna er sjálfskaðandi kynferðisleg hegðun (Abajobir o.fl., 2017; Banducci o.fl., 2014; Wilson og Widom, 2010) og fyrir vikið fengu þær á sig druslustimpil, sem gerði þær enn berskjaldari fyrir vændi.

Margar þeirra gengust við þessum stimpli í von um að finnast þær vera við stjórn og leituðu í vændi til þess að styrkja þá tilfinningu en vald þeirra í aðstæðunum vék fyrir valdleysi.

Umræður og samantekt

Rannsóknin fjallar um afleiðingar kynferðisofbeldis og druslustimplunar og markmið hennar er að greina frá ástæðum þess að viðmælendur hennar leituðu í vændi. Ekki er hægt að alhæfa út frá reynslu þessara viðmælenda en hún gefur þó mikilvæga innsýn í aðdraganda þess að konur leiti í vændi og jafnframt einhverja innsýn í íslenska vændisheiminn. Ein helsta áskorunin þegar gerðar eru rannsóknir á reynslu undirskipaðra hópa er að ná til viðmælenda. Sérstaða Stígamóta í þessum málaflökki var nýtt til að ná til viðmælenda. Helsta takmörkun rannsóknarinnar er að viðmælendur eru tiltölulega einsleitir hópur. Hugsanlegt er að einstaklingar af öðrum kynjum, kynhneigðum og með annars konar félagslegan bakgrunn búi yfir öðrum reynsluheimi. Mikilvægt er því að fleiri rannsóknir verði gerðar á þessu sviði.

Reynsla viðmælenda sýnir að afleiðingar kynferðisofbeldis og druslustimplunar hafi ásamt bágunum aðstæðum í æsku haft veruleg áhrif á sjálfsmynd þeirra sem hafi auðveldað þeim aðgengi í vændi. Þær niðurstöður samræmast upplifun annarra þolenda vændis (Hulusjö, 2013; O'Callaghan o.fl., 2019).

Allir viðmælendur höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi áður en vændið hófst og samsvarar það fyrirliggjandi rannsóknum (Anna Þóra Kristinsdóttir, 2022; Farley o.fl., 2011; Hulusjö, 2013; Roe-Sepowitz, 2012). Í kjölfar ítrekaðs ofbeldis og kynferðisofbeldis á uppvaxtarárunum áttu viðmælendur erfitt með að setja mörk og þekkja eigið virði, sem varð til þess að þær fóru að sækja í kynferðislega viðurkenningu. Sú niðurstaða rímar einnig við niðurstöður rannsókna annars staðar frá (MacGinley o.fl., 2019; O'Callaghan o.fl., 2019). Ein afleiðing kynferðisofbeldisins var oft kynferðisleg hegðun sem fór á skjön við viðteknar hugmyndir samfélagsins um kvenleika, sem leiddi til þess að þær voru stimplaðar sem druslur (Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2018). Druslustimplun í kjölfar kynferðisofbeldis jaðarsetti þær enn frekar og festi í sessi þá hugmynd að virði þeirra væri metið út frá kynferðislegu aðráttaraffli.

Viðmælendur litu á vændi sem bjargráð í erfiðum aðstæðum líkt og aðrir þolendur vændis hafa lýst (Brynhildur Björnsdóttir, 2022; Hulusjö, 2013). Í vændi gætu þær verið við stjórn í kynferðislegum samskiptum. Sem þolendur kynferðisofbeldis höfðu þær ekki upplifað sig við stjórnvölinn í samskiptum við karla og var vændi leið til þess að hafa valdið til að velja og hafna. Eins voru einhverjar þeirra að taka sér skilgreiningarvald. Samfélagið hafði stimplað þær sem druslur og hórur og með því að gangast við þeim stimpli upplifðu þær sig við stjórnvölinn, sem svarar til reynslu annarra þolenda druslustimplunar (Hulusjö, 2013; Tanenbaum, 2015). Að sama skapi var vændi leið til að öðlast viðurkenningu á kynferðislegu virði þeirra. Þær lýsa jákvæðum tilfinningum sem fylgdu því að vera kynferðislega eftirsóttar af körlum sem væru reiðubúnir að borga til að vera með þeim. Viðmælendur sögðu að þær tilfinningar hefðu þó vikið fyrir öðrum neikvæðari og þær upplifðu að í augum vændiskaupenda væru þær ekki manneskjur heldur kynferðisleg viðföng.

Viðmælendur voru meðvitaðar um að bakgrunnur þeirra og reynsla af ofbeldi hefði átt stóran þátt í að þær fóru í vændi. Þær upplifðu afskiptaleysi stofnana gagnvart því ofbeldi sem þær urðu fyrir á uppvaxtarárunum. Upplifun viðmælenda lýsir nauðgunarmenningu og hvernig henni er viðhaldið. Frá unga aldri fá þær skilaboð um að þær séu kynferðislegt viðfang karla og er kynferðisofbeldi gegn þeim látið viðgangast. Þær eru gerðar ábyrgar fyrir ofbeldinu og fá ekki viðeigandi aðstoð til að vinna úr afleiðingum þess. Mikilvægt er að samfélagið gangist við þeim alvarlegu afleiðingum sem fylgja kynferðisofbeldi og veiti þolendum þess viðeigandi úrræði. Þannig má vinna gegn því að konur sem beittar hafa verið ofbeldi lendi ítrekað í aðstæðum sem byggja á kynjuðum valdatengslum.

Að lokum má vekja athygli á að árið 2009 var vændisákvæði hegningarlagna breytt á þann veg að refsing var lögð við kaupum á vændi. Markmið laganna var að „sporna við sölu á kynlífi, enda sé

ekki ásættanlegt að líta á líkamann sem söluvöru“ (Þingskjal nr. 583/2008-2009). Telji samfélagið það ekki ásættanlegt að líta á líkamann sem söluvöru er mikilvægt að efla kynferðislegan sjálfs-ákvörðunarrétt, ekki síst þeirra sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi, og koma þannig í veg fyrir að fólk lendi í þeim aðstæðum sem hér hefur verið lýst. Með núverandi sinnuleysi og úrræðaleysi er verið að auðvelda inngöngu í vændi sem samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar eykur enn frekar á vanda þeirra kvenna sem hún náði til.

Þakkir

Viðmælendum er þakkað fyrir þátttöku í rannsókninni. Án þeirra hefði þessi rannsókn ekki verið möguleg.

Heimildaskrá

- Aakvaag, H. F., Thoresen, S., Wentzel-Larsen, T., Dyb, G., Røysamb, E. og Olff, M. (2016). Broken and guilty since it happened: A population study of trauma-related shame and guilt after violence and sexual abuse. *Journal of Affective Disorders*, 204, 16–23. <https://doi.org/10.1016/j.jad.2016.06.004>
- Abajobir, A. A., Kisely, S., Maravilla, J. C., Williams, G. og Najman, J. M. (2017). Gender differences in the association between childhood sexual abuse and risky sexual behaviours: A systematic review and meta-analysis. *Child Abuse & Neglect*, 63, 249–260. <https://doi.org/10.1016/j.chiabu.2016.11.023>
- Anna Þóra Kristinsdóttir. (2022). *Birtingarmyndir vændis hjá brotaþolum sem leitað hafa til Stígamóta: Hefur vændi áhrif á liðan brotaþola þess?* Stígamót. <https://stigamot.is/wp-content/uploads/2022/09/Vaendisskyrsla-loka-1.pdf>
- Archibald, M. M., Ambagtsheer, R. C., Casey, M. G. og Lawless, M. (2019). Using zoom videoconferencing for qualitative data collection: Perceptions and experiences of researchers and participants. *International Journal of Qualitative Methods*, 18, 1–8. doi:10.1177/1609406919874596
- Ársskýrsla Stígamóta. (2020). Stígamót. https://stigamot.is/wp-content/uploads/2022/03/stigamot_arsskyrsla_2020_vef.pdf
- Banducci, A. N., Hoffman, E. M., Lejuez, C. W. og Koenen, K. C. (2014). The impact of childhood abuse on inpatient substance users: Specific links with risky sex, aggression, and emotion dysregulation. *Child Abuse & Neglect*, 38(5), 928–938. <https://doi.org/10.1016/j.chiabu.2013.12.007>
- Bay-Cheng, L. Y. (2015). The agency line: A neoliberal metric for appraising young women’s sexuality. *Sex Roles*, 73(7), 279–291. <https://doi.org/10.1007/s11199-015-0452-6>
- Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2003). *Vændi meðal ungs fólks á Íslandi og félagslegt umhverfi þess*. Rannsóknir og greining.
- Brynhildur Björnsdóttir. (2022). *Venjulegar konur – vændi á Íslandi*. Mál og menning.
- Comte, J. (2014). Decriminalization of sex work: Feminist discourses in light of research. *Sexuality & Culture*, 18(1), 196–217. <https://doi.org/10.1007/s12119-013-9174-5>
- Donevan, M. (2021). “In this industry, you’re no longer human”: An exploratory study of women’s experiences in pornography production in Sweden. *Dignity: A Journal of Analysis of Exploitation and Violence*, 6(3). <https://doi.org/10.23860/dignity.2021.06.03.01>
- DV. (2016). „Þetta getur verið hættulegt“. DV. <https://www.dv.is/frettir/2016/03/08/thetta-getur-verid-haettulegt/>
- Farley, M., Cotton, A., Lynne, J., Zumbek, S., Spiwak, F., Reyes, M. E., Alvarez, D. og Sezgin, U. (2004). Prostitution and trafficking in nine countries: An update on violence and posttraumatic stress disorder. *Journal of Trauma Practice*, 2(3–4), 33–74.
- Farley, M., Matthews, N., Deer, S., Lopez, G., Stark, C. og Hudon, E. (2011). *Garden of truth: The prostitution and trafficking of native women in Minnesota*. Minnesota Indian Women’s Sexual Assault Coalition og Prostitution Research and Education.
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2014). „Það er svo óþolandi að maður þurfi að sætta sig við það að maður þurfi í raun að gera ráð fyrir að þetta geti gerst! Um áhrif nauðgunarmenningar á daglegt líf kvenna“. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri), *Þjóðarspejillinn XV: Rannsóknir í félagsvísindum – Stjórn málafræðideild*, 1–9. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2019). Ábyrgar konur og sjúkir karlar: Birtingarmyndir nauðgunarmenningar í íslensku samfélagi. *Ritið*, 19(1), 15–40. <https://doi.org/10.33112/ritid.19.1.2>
- Friðrika Benónýsdóttir. (2018). Kynlífsvinna og vændi – val eða áþjón? *Mannlíf*. <https://www.mannlif.is/frettir/kynlifsvinna-og-vaendi-val-eda-athjan/>
- Gerassi, L. (2015). From exploitation to industry: Definitions, risks, and consequences of domestic sexual exploitation and sex work among women and girls. *Journal of Human Behavior in the Social Environment*, 25(6), 591–605. <https://doi.org/10.1080/10911359.2014.991055>
- Hulusjö, A. (2013). *The multiplicities of prostitution experience: Narratives about power and resistance* [doktorsritgerð]. Faculty of Health and Society: Malmö University.
- Jensen, R. (2017). *The end of patriarchy: Radical feminism for men*. Spinifex Press.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 205–217). Háskólinn á Akureyri.

- MacGinley, M., Breckenridge, J. og Mowll, J. (2019). A scoping review of adult survivors' experiences of shame following sexual abuse in childhood. *Health and Social Care in the Community*, 27(5), 1135–1146. <https://doi.org/10.1111/hsc.12771>
- O'Callaghan, E., Shepp, V., Ullman, S. E. og Kirkner, A. (2019). Navigating sex and sexuality after sexual assault: A qualitative study of survivors and informal support providers. *The Journal of Sex Research*, 56(8), 1045–1057. <https://doi.org/10.1080/00224499.2018.1506731>
- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2017). Reynsla kvenna af kynferðisofbeldi í nánu sambandi á unglingsárum: Berskjöldun og áhrif á skólagöngu. *Netla – Vefímarit um uppeldi og menntun*.
- Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2018). Kynferðiseinelti og mótun kvenleikans í íslenskri skólamenningu. *Tímarit um uppeldi og menntun / Icelandic journal of education*, 27(1), 43–64. <https://doi.org/10.24270/tuum.2018.27.3>
- Roe-Sepowitz, D. E. (2012). Juvenile entry into prostitution: The role of emotional abuse. *Violence Against Women*, 18(5), 562–579. <https://doi.org/10.1177/1077801212453140>
- Roe-Sepowitz, D. E., Hickle, K. E. og Cimino, A. (2012). The impact of abuse history and trauma symptoms on successful completion of a prostitution-exiting program. *Journal of Human Behavior in the Social Environment*, 22(1), 65–77. <https://doi.org/10.1080/10911359.2011.598830>
- Sanders, T. (2016). Inevitably violent? Dynamics of space, governance, and stigma in understanding violence against sex workers. *Studies in law, politics, and society. Problematizing Prostitution: Critical Research and Scholarship*, 71, 93–114. <https://doi.org/10.1108/S1059-433720160000071005>
- Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir. (2015). Drusluskömm. Í Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir (ritstj.), *Rof: Frásagnir kvenna af föstureyðingum* (bls. 133–146). Háskólaútgáfan.
- Smith, M. og Mac, J. (2018). *Revolting prostitutes: The fight for sex workers' rights*. Verso.
- Sunna Sæmundsdóttir. (2022). Vilja selja löglegt kynlíf og ganga í stéttarfélag. *Vísir*. <https://www.visir.is/g/20222252215d/vilja-selja-loglegt-kynlif-og-ganga-i-stettarfelag>
- Sveina Hjördís Þorvaldsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2022). „Draumastaður“ og önnur úrræði til útgöngu úr vændi. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 18(2): 261–282. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.2.5>
- Tanenbaum, L. (2015). *I am not a slut: Slut-shaming in the age of the internet*. HarperCollins.
- Unnur Guðrún Óttarsdóttir. (2013). Grunduð kenning og teiknaðar skýringarmyndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 361–375). Háskólinn á Akureyri.
- Vísir. (2021). Áreitni og drusluskömm áberandi á samfélagsmiðlum. *Vísir*. <https://www.visir.is/k/b69a24a1-e3f3-462c-8672-534628b3670e-1620846448755>
- Wilson, H. W. og Widom, C. S. (2010). The role of youth problem behaviors in the path from child abuse and neglect to prostitution: A prospective examination. *Journal of Research on Adolescence*, 20(1), 210–236. <https://doi.org/10.1111/j.1532-7795.2009.00624.x>
- Þingskjal nr. 583/2008–2009. Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Um höfunda

SVEINA HJÖRDÍS ÞORVALDSDÓTTIR (shjordis@gmail.com) er í kennsluréttindanámi. Hún lauk meistaragraðu í kynjafræði frá Háskóla Íslands árið 2022 og BA-prófi í félagsfræði árið 2020.

GYÐA MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR (gydap@hi.is) er prófessor í kynjafræði við Stjórnálafræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í kynjafræði árið 2009 og hafði áður lokið BA-prófi (2002) og meistaraprófi (2004) í félagsfræði frá Háskóla Íslands. Meðal sérviða hennar eru kynjatengsl, vinnumenning, jafnrétti í háskólum, samræming fjölskyldulífs og atvinnu, karlmennska, kvenleiki, og kynbundið ofbeldi.